



## *Orkustofnun gjörir kunnugt:*


að samkvæmt 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003, er hér með

### *Vistafl ehf.*

veitt leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Leyfi þetta er veitt á grundvelli þeirra gagna er fylgdu leyfisumsókninni

*Orkustofnun, 10. september 2019*



Jónas Ketilsson  
staðgengill orkumálastjóra

Vistafl ehf.  
Ármúla 18  
108 Reykjavík

Reykjavík, 10. september 2019  
Tilvísun: OS2019080048/10.5  
Verknúmer: 4353040

### Efni: Fylgibréf – Leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Vísað er til umsóknar Vistafl ehf. (kt. 600619-0470) frá 9. ágúst 2019 um leyfi til að stunda raforkuviðskipti skv. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003.


Í 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 kemur fram að leyfi Orkustofnunar þurfi til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorki í sér sérleyfi né önnur sérréttindi handa leyfishafa og verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Þá kemur fram í ákvæðinu að umsækjandi skuli sýna fram á fjárhagslegan styrkleika til að efna skuldbindingar vegna starfseminnar. Í 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga eru skilyrði leyfis útfærð nánar en þar kemur fram að sölufyrirtæki skuli hafa eigið fé sem nemur að lágmarki kr. 15.000.000. Að auki kemur fram að sölufyrirtæki skuli gera áætlun til 36 mánaða í senn um umfang orkusölu og hvernig það muni útvega raforku til þess að standa við orkusölusamninga.

Í fylgigögnum með umsókn Vistafls ehf. hefur verið sýnt fram á að fyrirtækið uppfyllir öll skilyrði 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og 29. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga. Með vísan til framangreinds er Vistafl ehf. hér með veitt leyfi til þess að stunda raforkuviðskipti með vísan til 1. mgr. 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Fyrir útgáfu leyfis ber Vistafl ehf. að greiða 50.000 krónur sbr. 3. tölul. 1. mgr. 33. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og hefur það verið gert.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra



Hanna Björg Konráðsdóttir  
lögfræðingur



Sigurður H. Magnússon  
verkefnastjóri